

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum.

1. gr.

Eftirfarandi hugtök í 2. gr. reglugerðarinnar breytast og orðast svo:

Innra eftirlit: Eigið eftirlit rekstraraðila framkvæmt af starfsmönnum hans eða aðkeyptum þjónustuaðila, sem hefur til þess tilskilin réttindi, í þeim tilgangi að tryggja að kröfur í rekstrarleyfi, staðfestri skráningu og reglugerðum séu uppfylltar.

Rekstraraðili: Einstaklingur eða lögaðili sem hlotið hefur sérstakt leyfi Matvælastofnunar eða staðfestingu á skráningarskyldri starfsemi hjá Matvælastofnun til að stunda eldi lagardýra og starfsmenn hans.

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Til að starfrækja eldisstöð fyrir lagardýr þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi eða staðfesta skráningu Matvælastofnunar. Matvælastofnun leggur mat á sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti sem kunna að fylgja starfseminni eftir að hafa aflað umsagna m.a. frá Hafrannsóknastofnun og viðkomandi sveitarstjórn. Óheimilt er að flytja lagardýr í eldisstöð fyrir en starfs- og rekstrarleyfi er fengið og að lokinni úttekt Matvælastofnunar þar sem kannað er hvort rekstrarleyfishafi sé fær um að uppfylla skilmála rekstrarleyfis. Jafnframt er óheimilt að flytja lagardýr í eldisstöð fyrir en Matvælastofnun hefur staðfest skráningu á skráningarskyldri starfsemi.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 4. gr. reglugerðarinnar:

Í stað orðsins „rekstrarleyfishafa“ í 4. og 5. mgr. kemur: rekstraraðila.

4. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 6. gr. reglugerðarinnar:

Í stað orðsins „rekstrarleyfishafi“ í 1. og 2. mgr. kemur: rekstraraðili.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „rekstrarleyfishafa“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: rekstraraðila.
- b. Í stað orðsins „rekstrarleyfishafi“ í 4. mgr. kemur: rekstraraðili.

6. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 11. gr. reglugerðarinnar:

Í stað orðsins „rekstrarleyfishafi“ í 1. másl. kemur: rekstraraðili.

7. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar:

Á eftir orðinu „rekstrarleyfi“ í 1. másl. bætist: eða skráning staðfest.

8. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar:

Í stað orðsins „rekstrarleyfishafa“ í 1. másl. kemur: rekstraraðila.

9. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 18. gr. reglugerðarinnar:

Í stað orðsins „rekstrarleyfishafi“ í 3. másl. kemur: rekstraraðili.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verður á 20. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „rekstrarleyfishafa“ í 1. másl. kemur: rekstraraðila.
- b. Í stað orðsins „rekstrarleyfishafi“ í 3. másl. kemur: rekstraraðili.

11. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 21. gr. reglugerðarinnar:

Í stað orðsins „rekstrarleyfishafa“ í 1. másl. kemur: rekstraraðila.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 46. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra, 21. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi, 11. gr. laga nr. 60/2006 um varnir gegn fíksjúkdómum og 29. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 2. desember 2021.

Svandís Svavarsdóttir
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Kolbeinn Árnason.